



Skólatöskudagar Íðjuþjálfafélags Íslands

24.-28. september 2012



Fræðslu –og kynningarnefnd IPÍ

Arnþrúður Eik Helgadóttir

Elín María Heiðberg

Harpa Guðmundsdóttir

Karina Pilgaard

Ragnheiður R. Magnúsdóttir

Verkefnið er unnið í samvinnu við:



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Skólatöskudagar Iðjuþjálfafélags Íslands (ÍÞÍ) voru haldnir á landsvísu sjöunda árið í röð dagana 24.-28. september 2012. Fræðslu- og kynningarnefnd ÍÞÍ sá um undirbúning og framkvæmd Skólatöskudaga en hana skipuðu: Arnþrúður Eik Helgadóttir, Elín María Heiðberg, Harpa Guðmundsdóttir, Karina Pilgaard og Ragnheiður R. Magnúsdóttir.

Verkefnið var unnið í samvinnu við Landlæknisembættið í ár en framlag þeirra til verkefnisins var 110.000 kr. og var logo þeirra sett á gögnin. Tengill Landlæknisembættis við nefndina var Kristján Þór Magnússon (kristjanthor@landlaeknir.is). Eins var samstarf við verkefnið „Göngum í skólann“ á vegum ÍSÍ, helsti tengiliður þar var Örvar Ólafsson (orvar@isi.is).

Vinnugögn fyrir Skólatöskudaga voru talin og tekin saman af tveim nefndarmeðlimum og skiptist sú vinna niður í tvö skipti. Fyrra skiptið var að vori þar sem eldri gögn voru talin til að áætla hversu mikið þurfti að prenta fyrir haustið í það fór einn tími. Ákveðið var að taka tilboði hjá prentstofunni Stell á Akureyri til að prenta gögnin. Seinna skiptið voru gögnin talin og flokkuð til að senda í skóla og á iðjuþjálfar sem óskuðu eftir þátttöku, tók sú vinna um einn tíma. Gögn voru yfirleitt send beint á iðjuþjálfar en á Akureyri og nágrenni nálguðust iðjuþjálfar gögnin til Ragnheiðar. Iðjuþjálfafélagið er í reikning hjá póstinum og þurfti þar aðeins að gefa upp kennitölu félagsins til að senda gögn.

Nefndarmenn sendu í tölvupósti kynningarbréf á alla skóla í landinu í lok maí. Upplýsingar um netföng fengust inn á <http://www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir>. Tuttugu og fjórir skólar óskuðu eftir að fá iðjuþjálfar við þann fjölda bættust 11 skólar sem iðjuþjálfar óskuðu eftir að heimsækja sjálfir. Reyndi nefndin að koma til móts við sem flesta skóla og af varð að nítján fengu iðjuþjálfar í heimsókn, einn skóli hætti við en 15 stóðu af. Þeir skólar sem ekki fengu iðjuþjálfar voru: Grunnskólinn í Sandgerði, Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Grunnskóli Hornafjarðar, Hörðuvallarskóli, Egilsstaðaskóli, Grunnskóli Reyðarfjarðar, Hólabrekkuskóli, Seljaskóli, Vatnsendaskóli, Þjórsárskóli, Flataskóli Garðabæ, Húsaskóli, Borgarnesskóli og Smáraskóli. Reynt verður að setja þá í forgang á næsta ári. Grenivíkurskóli hætti við að vera með þetta árið. Í framtíðinni væri ánægjulegt að hægt væri að sinna öllum þeim skólum sem óska eftir þátttöku.

Kynningabréf um þátttöku og skráningu iðjuþjálfara og nema var sent á þá í tölvupósti í gegnum formann iðjuþjálfafélagsins og Kristjönu Fenger um miðjan ágúst. Iðjuþjálfar og nepar skráðu sig svo til þátttöku á eftirfarandi slóð:

<https://docs.google.com/spreadsheets/cc?key=0Apnl1JPmIOiUdHlxclk1VnV2WFlma08xdU5JblBVW>
[Gc](#). Þátttaka iðjuþjálfara var minni í ár en í fyrra en þátttaka nema var meiri. Nokkuð var um að

iðjuþjálfar legðu áherslu á fræðslu um uppröðun í og stillingu á skólatöskum en vigtuðu nemendur ekki. Var það m.a. vegna umræðna sem sköpuðust varðandi vigtun á börnum. Líkt og í fyrra var lögð áhersla á að iðjuþjálfar og iðjuþjálfanemar færu í 1. 3. og 6. bekk, með því er vonast til að hægt sé að ná til allra barna á ákveðnum aldri. Í minni skólum var þó hvatt til þess að allir bekkir fengju heimsókn. Fræðslupunktum sem nefndin útbjó í fyrra var sent í tölvupósti til iðjuþjálfra og/eða iðjuþjálfanema til að nýta sér við fræðsluna sem og vigtunarblöð í Exel skjali.

Þáttka í Skólatöskudögum 2012:

Iðjuþjálfar: 25

Iðjuþjálfanemar: 14

Fjöldi skóla: 19

Heildar fjöldi nemenda: 1142

Fjöldi vigtaðra nemenda: 894

Prentun gagna

2000 nýjir bæklingar

700 litablöð

Gögn frá seinni árum voru notuð eins og t.d. límmiðar. Annars var notast við litablöð og bæklinga. Bæklingar sem gengu af eru í geymslu hjá Ragnheiði og eru þeir um 1000 einnig eru um 350 bæklingar í BHM í Borgartúni. Enn eldri gögnum var hent þar sem styrktaraðila skólatöskudaganna er annar heldur en á þeim eru.

Nefndin hafði samband við helstu fjölmiðla varðandi skólatöskudaga en engin viðbrögð komu frá þeim.

Breytingar á Skólatöskudögum

- ✓ Nefndin sendi bækling í tölvutæku formi á heimili og skóla og birtu þeir hann á heimasíðu og facebook síðu sinni.
- ✓ Hafdís Sverrisdóttir, iðjuþjálfari ætlar að vera með kynningu um val, stillingu og röðun í skólatöskur fyrir foreldra barna í 1. bekk og foreldra varðandi 1. bekkina í Hafnarfirði fyrir júl 2012. Því verður fylgt eftir með spurningalistum frá kynninga- og fræðslunefndinni um gagnsemi og nýtingu á þeirri kynningu.

- ✓ Síðastliðið vor var nefndin í samstarfi við grunnskóla Ísafjarðar um að afhefnda foreldrum tilvonandi 1. bekkinga bækling um val, stillingu og röðun í skólatöskur, var því fylgt eftir af iðjuþjálfra. Var raunin sú að foreldrar könnuðust ekki við að hafa fengið bæklinginn í sínar hendur og fóru þ.a.l. ekki eftir því sem í honum stóð þegar kom að því að kaupa skólatöskur.
- ✓ Sendur var tölvupóstur s.l. vor á alla leikskóla Akureyrarbæjar um hvort þeir vildu fá skólatöskubæklinginn okkar í tölvutæku formi til að afhenda foreldrum þeirra barna sem eru að fara í 1. bekk í grunnskóla og voru viðbrögðin engin.
- ✓ Skráning á skólatöskudagana var rafræn í ár og gekk það ágætlega. Auðveldaði þetta nefndarmönnum til muna allt utan um hald og var þetta einnig gert til að iðjuþjálfar sæju enn frekar hvaða skólar óskuðu eftir þátttöku.
- ✓ Kristjana Fenger var í samvinnu við nefndina um að koma tölvupósti til iðjuþjálfanema um þátttöku í skólatöskudögunum.
- ✓ Athugað var með að stofna nýtt pósthfang fyrir félagið en síðasta nefnd gerði athugasemd um það hversu óaðgengilegt umhverfi vefpóstsins var. Þar sem verið er að breyta vefumhverfi iðjuþjálfafélagsins þá var það ekki talið tímabært. Einnig hefur vefumhverfið breyst töluvert til hins betra. Því var ekki gerð nein breyting.
- ✓ Gögn voru send beint á iðjuþjálfra þ.e.a.s. heim til þeirra eða á vinnustaði til að auðvelda umstang í kringum dagana.

Hugmyndir Fræðslu- og kynningarnefndar fyrir Skólatöskudaga 2013

Nefndin er með margar hugmyndir um hvernig hægt væri að gera Skólastöskudaga enn skilvirkari og markvissari.

- ✓ Kanna ástæðu þess að færri iðjuþjálfar taka þátt í dögunum en vanalega á ársfundi félagsins í mars 2013.
- ✓ Sækja um styrk hjá Lýðheilsusjóð fyrir verkefninu, byrja þarf þá vinnu snemma að vori 2013: <http://www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir> .

- ✓ Hafa samband við iðjuþjálfara í skólum og biðja þá um að vera með kynningu í sínum skólum fyrir verðandi fyrstu bekkina og foreldra um val, röðu og stillingu á skólatösku.
- ✓ Vera í samstarfi við iðjuþjálfafélagið um að hafa rafrænu skráninguna á innri síðu félagsins. Etv. að hafa bara þann möguleika að iðjuþjálfar geti skráð sig en ekki nemar.
- ✓ Passa að Skólatöskudagarnir rekist ekki á við samræmduprófin og líka að vera í sambandi við Kristjönu Fenger um hvort skólatöskudagarnir stangist nokkuð á við námið hjá iðjuþjálfanemum og hefur það með þátttöku allra að gera.
- ✓ Setja teygjuhléæfingar forritið fyrir börn á heimasíðu IPÍ.
- ✓ Gera markvissa fjölmiðlaáætlun svo hægt sé að senda út tímanlega umfjöllun á Skólatöskudögum.
- ✓ Kanna áhuga á samstarfi við forsvarsmenn göngum í skólann verkefnisins til að fá frekari umfjöllun um verkefnið í fjölmiðlum. Héðinn Svarfdal Björnsson hefur boðist til þess að aðstoða nefndina og vinnur hjá Landlæknisembættinu, hedinn@landlaeknir.is
- ✓ Hvetja iðjuþjálfara til að taka myndir af Skólatöskudögum og senda til IPÍ sem gæti svo sett inn á heimasíðu félagsins.

Fræðslu –og kynningarnefnd IPÍ

Arnþrúður Eik Helgadóttir

Elín María Heiðberg

Harpa Guðmundsdóttir

Karina Pilgaard

Ragnheiður R. Magnúsdóttir